

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1411

komudagur 15/4 1996

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Hólmavík, 12. apríl 1996.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið umsagnar Verkalyðsfélags Hólmavíkur um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfnni. Meðfylgjandi ályktun um málið var samþykkt á félagsfundi þ. 11. þ.m.

f. h. VERKALYÐSFÉLAGS HÓLMAVÍKUR



Helgi Ólafsson, form.

Samrit sent þingmönnum Vestfjarða og miðstjórn ASÍ.

Ályktun

Félagsfundur í Verkalýðsfélagi Hólmavíkur haldinn 11. apríl 1996 tekur heilshugar undir ályktun formannafundar ASÍ 22. mars um fyrirhugaðar breytingar á vinnulöggjöfinni. Fundurinn bendir á að þegar frumvarpið var lagt fram stóðu yfir viðræður um samskiptareglur milli aðila vinnumarkaðarins og að skynsamlegra hefði verið að leyfa þeim að setja sér reglur sjálfum en að beita lögþvingun í óþökk stéttarfélaganna í landinu.

Frumvarpið er þannig úr garði gert að útilokað er að verkalýðshreyfingin geti sætt sig við að það verði að lögum.

Meðal helstu gallanna má nefna:

- * Stóraukin völd sáttasemjara, sérstaklega ákvæði um að tengja megi saman félög og hópa við afgreiðslu miðlunartillögu, sem er til þess fallið að draga úr áhrifum einstakra félaga og lama starfsemi þeirra.
- * Fáránlegar reglur um atkvæðagreiðslur, bæði um miðlunartillögur og kjarasamninga, sem gera það að verkum að nánast er útilokað að fella miðlunartillögu, auk þess sem þær brjóta gróflega gegn öllum lýðræðishefðum þar sem þeir sem sitja hjá geta haft mörgum sinnum meiri áhrif en þeir sem greiða atkvæði.
- * Sérstök lögverndun vinnustaðafélaga, sem er brot á 87. gr. samþykktar ILO um félagafrelsi og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og gengur gegn forgangsréttarákvæðum kjarasamninga.
- * Íhlutun í innri málefni félaganna, svo sem með auknu valdi samninganefnda, hertum reglum um atkvæðagreiðslur við verkfallsboðun og hertum reglum um tímasetningu og skilyrði fyrir boðun verkfalls.

Fundurinn telur að frumvarpið allt miði að aukinni miðstýringu og þar með minni áhrifum einstakra félaga og einstaklinga. Fjálglegt tal félagsmálaráðherra um aukin áhrif einstaklinga breytir þar engu um og er öfugmæli.

Frumvarpið gengur þvert á þær lýðræðishefðir sem stjórnarflokkarnir, a.m.k. í orði kveðnu, hafa haft að leiðarljósi fram að þessu og í því er fólgin augljós viðleitni til að yfirfæra einnig á verkalýðshreyfinguna hina sovéskættuðu miðstýringu sem einkennir samtök atvinnurekenda.

Fundurinn skorar á stjórnarflokkana að halda sig við vestrænar hefðir og draga frumvarpið til baka í stað þess að stofna til ófriðar með því að halda því til streitu.

Jafnframt mótmælir fundurinn harðlega tillögum að breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar, sem fela í sér skerðingu á rétti atvinnulausra, sem einkum mun bitna á konum og unglíngum. Við teljum affarasælla að draga úr atvinnuleysi með heildstæðri atvinnustefnu en að fela það með því að skerða rétt atvinnulausra til bóta. Í því sambandi minnir fundurinn á yfirlýsingar stjórnarflokkanna fyrir síðustu kosningar, m.a. um 12000 ný störf fyrir aldamót og fólk í fyrirrúmi. Fundurinn hvetur launafólk til að fylgjast vel með framvindu þessara mála og taka mið af henni við næstu alþingiskosningar.